

## REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009,  
um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.**

1. gr.

Í stað orðanna „reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði“ í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. kemur: reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- Í stað orðanna „vistheimili, heimili fyrir börn“ í 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. kemur: búsetuúrræði á vegum sveitarfélaga fyrir fatlað fólk og kostuð eru af sveitarfélögum.
- Í stað orðsins „vistmönnum“ í 3. málsl. 3. mgr. 3. gr. kemur: hlutaðeigandi.
- Við 3. mgr. 3. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Sjúkratryggingar Íslands greiða þó fyrir næringarefni og sérfæði fyrir einstaklinga með gildandi innkaupaheimild frá Sjúkratryggingum Íslands á meðan þeir dveljast á áðurnefndum stofnunum til skamms tíma (skammtímadvöl), þó að hámarki sex vikur, enda sé þörf fyrir vöruna ekki beinlínis vegna innlagnarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Nærtingarefni og sérfæði frá Sjúkratryggingum Íslands“ með reglugerðinni:

Flokkur **98 03 06 Næring um slöngu**. Fyrir hvern mánaðarskammt greiða Sjúkratryggingar Íslands það sem umfram er:

- Í stað „5.900 kr.“ kemur: 6.800 kr.
- Í stað „11.800 kr.“ kemur: 13.600 kr.
- Í stað „17.700 kr.“ kemur: 20.400 kr.
- Í stað „23.600 kr.“ kemur: 27.200 kr.
- Í stað „29.500 kr.“ kemur: 34.000 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2014.

*Velferðarráðuneytinu, 6. desember 2013.*

**Krístján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

*Hrönn Ottósdóttir.*